

**Ed.**

**70. Frumvarp**

til laga um ógilding viðskiftabréfa og annara skjala með dómi.

(Eftir 2. umr. í Ed.),

1. gr.

Heimilt er að dæma skuldabréf og önnur viðskiftabréf, svo og viðtökuskirteini, váttryggingarskirteini og önnur heimildarbréf ógild eftir þeim reglum, sem hjer fara á eftir. Nú er ógildingardómur kveðinn upp um slíkt bréf, og er bréfið þá marklaust, en dómhafi hefir lögheimild til þess að ráðstafa því, sem það hljóðaði um, eins og hann hefði bréfið í höndum.

2. gr.

Ef um skuldabréf með veði í fasteign er að ræða, þá skal stefna til ógildingardóms í þeirri þinghá, þar sem fasteignin er, en ef um önnur skjöl

ræðir, þá í þeirri þinghá, þar sem skjalið er gefið út. Nú verður þessu ákvæði ekki komið við, t. d. af því, að skjalið er gert utanlands, en má þó sæta ógildingu hjer á landi, þá skal stefnt til bæjarþings Reykjavíkur eða fyrir aukarjett í þeirri þinghá, innan þess lögsagnarumdæmis, er beiðandi stefnu á heima í, þar sem hjeradsdómari er búsettur. Ef um þau brjef er að ræða, sem veð er fyrir í skipi eða skipshluta, skal stefnt til dóms í þeirri þinghá, þar sem skipið er skrásett. Ef um farmskirteini ræðir, þá skal stefna til dóms í þeirri þinghá, þar sem afhenda skyldi vörunar.

### 3. gr.

Sá, sem æskir ógildingar, skal senda dómi þeim, sem málið á undir samkvæmt 2. gr., skriflega beiðni um innköllun þess manns eða þeirra manna, sem hafa kynnu skjalið í höndum, eða gera kynnu lagatilkall til þess.

### 4. gr.

Innköllunarbeiðni skulu fylgja upplýsingar, er gera það sennilegt, að beiðandi eigi rjett á að fá skjalið ógilt og sjerstaklega um það, á hvern hátt það er honum horfið. Auk þess skal lýsa skjalinu svo skýrt, að ekki verði um vilst.

### 5. gr.

Dómurinn ákveður því næst, hvort gefa megi út opinbera stefnu, með úrskurði, er kveðinn skal upp á dómþingi, sem ógildingarbeiðandi er kvaddur til. Dóminum er heimilt að krefja ógildingarbeiðanda fyllri skriflegra eða munnlegra upplýsinga, áður en úrskurður þessi er kveðinn upp. Nú lætur beiðandi hjá liða að gegna slíkri kröfu dómsins, eða upplýsingar hans verða taldar ófullnægjandi, og má dómurinn þá neita um stefnuna.

### 6. gr.

Ef dómurinn leyfir opinbera stefnu, skal hann gefa hana út í samræmi við beiðnina í sínu nafni, en beiðandi skal síðan sjá um birtingu hennar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, sem endurtekin sje þrisvar.

Í stefnunni skal brjefinu lýst svo sem nauðsynlegt og auðið er eftir atvikum, og sá maður eða þeir menn, sem lagatilkall kynnu að gera til þess, kvaddir til þess að sækja dómþingið og koma þar fram með mótmæli sín gegn ógilding skjalsins. Ákveða skal dómur og taka fram í stefnunni, hvaða dag, stað og stund, dómþingið verði haldið, og má það ekki vera fyr en 12 vikum og ekki síðar en 1 ári eftir síðustu birtingu stefnunnar í Lögbirtingablaðinu. Þá skal það enn tekið fram berum orðum í stefnunni, að komi enginn fram með mótmæli, megi búast við því, að skjalið verði ógilt með dómi.

### 7. gr.

Nú kemur enginn með mótmæli á dómþingi því, sem til var tekið í stefnunni, og skal þá kveða upp ógildingardóm, nema dóminum þyki eitthvað í ógildingaraðferð sækjanda því til fyrirstöðu. Ef einhver kemur með mótmæli gegn ógildingu, þá sker dómurinn úr því, hvort ógilda skuli skjalið eða ekki.

8. gr.

Ógildingardómi verður því að eins átrýjað, að mótmæli hafi komið fram gegn ógildingunni fyrir hjeradsdómi, eða vegna galla á aðferð þeirri, sem höfð hefir verið við ógildinguna, eða vegna þess, að skilyrði fyrir ógilding voru ekki fyrir hendi.

9. gr.

Ógildingardómur um viðskiftabréf tekur og til vaxta- og arðmiða, sem fylgdu brjefinu.

Ákvæði 172. gr. sigl.l. nr. 56, 30. nóv. 1914, um afhending og sölu á vör-um samkvæmt farmskirteini, standa óhöggð. Sömuleiðis 74. gr. vixillaganna 13. jan. 1882 og 13. gr. 2. mgr. tjekklaganna 8. nóvbr. 1901.

10. gr.

Hin sjerstaka ógilding samkvæmt ts. 5. jan. 1874 1<sup>o</sup>, l. 18. septbr. 1885, 10. gr., og l. 10. febr. 1888 6. gr. a og 21. gr. b skal eftirleiðis sem að undanfögnu vera heimil. Sömuleiðis ógilding á nafnskráðum bankavaxtabréfum veðdeildar Landsbankans samkvæmt l. nr. 27, 20. okt. 1905, 10. gr., l. nr. 13, 9. júlí 1909, 10. gr., og l. nr. 51, 10. nóv. 1913, 18. gr. Ennfremur um nafnskráð bankavaxtabréf Íslandsbanka samkvæmt l. nr. 51, 10. nóv. 1905, 5. gr., og um vaxtabréf lánsdeildar Fiskiveiðasjóðsins samkvæmt l. nr. 29, 16. nóv. 1907, 10. gr., 2. og 3. máls. Loks heldur 20. gr. l. nr. 14, 20. okt. 1905, gildi sínu.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916. Þau taka ekki til þeirra ógildingarmála, sem leyfisbréf er veitt til fyrir þann dag.